



SKÓLANEFND HRUNAMANNAHREPPS

19. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 3. nóvember 2025, kl. 15:00 í Flúðaskóla.

Mættir eru: Katrín Þorvaldsdóttir formaður, Þormundur Hilmarsson í forföllum Alexöndru Rósar Jóhannesdóttir Einnig var Elvar Harðarson fjarverandi. Auk þeirra sátu fundinn fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Vilborg Ástráðsdóttir og Sigríður Björk Gylfadóttir. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnarsdóttir skólastjóri Flúðaskóla, Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri Leikskólans Undralands, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Valný Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans Undralands, Erla Jóhannsdóttir, fulltrúi foreldra Flúðaskóla og Hjalti Sigurðsson, fulltrúi foreldra Leikskólans Undralands. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri. Í upphafi fundar bar formaður upp tillögu um að Aldís myndi rita fundargerð. Tillagan samþykkt samhljóða. Hér var gengið til dagskrár:

Málefni Flúðaskóla

1. Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla.

Skólastjóri gerði grein fyrir skólastarfi síðustu vikna en það hefur farið vel af stað í haust og eins og vanalega hefur verið nóg um að vera.

Nemendur 10. Bekkjar fóru til Danmerkur og heppnaðist ferðin ljómandi vel. Fyrstu sameiginlegu smíðurnar voru haldnar 25. – 26. september og fóru unglingarnir í Reykholt og miðstigið í Þjórsárskóla. Haustkynningarfundur fyrir foreldrar var haldinn 30. september. Fundurinn var mjög vel sóttur sem var ánægjulegt. Tekið var þátt í Göngum í skólann verkefninu og er gaman að segja frá því að Flúðaskóli var einn þriggja skóla sem hlaut útdráttarverðlaun í tengslum við það. Skólinn fékk 150 þúsund króna gjafabréf til að nota í kaup á íþróttabúnaði fyrir íþróttakennslu eða til afnota á skólalóð sem mun koma sér vel. Einnig var tekið þátt í árlega Ólympíuhlaupinu.

Bæði yngsta og miðstig eru búin að fara í sínar árlegu haustferðir og þá hefur 1. – 5. bekkur fengið til sín gesti í tengslum við verkefnið Skáld í skólum. Nemendur sýndu mikinn áhuga og þrúðmennsku og hrósuðu gestirnir þeim í hástert.

Kennarabing var haldið hér á Flúðum dagana 9. og 10. Október. Í skólanum iðaði allt af lífi þegar hingað mættu um 450 kennarar og sóttu margvíslega fyrirlestra.

Samfélagslöggan kom í heimsókn fimmtudaginn 23. október. Hann borðaði með nemendum hádegismat og fór svo sérstaklega inn í 5. bekk í heimsókn. Þar var rætt um samskipti, t.d. á netinu, umferðarfræðslu og fleira. Eftir áramót mun heimsóknin verða endurtekin og nú til 9. Bekkjar sem mun fá ýmsa fræðslu, s.s. um sakhæfi og fleira.

Samfélagslöggan er afar gott verkefni hjá lögreglunni en það miðar að því að tengja störf lögreglunnar við hinn almenna borgara með upplýsingum og fræðslu. Þann 14.

nóvember verður viðurkenningarathöfn vegna Barnvæns samfélags og eru allir skólanefndarmenn hvattir til að mæta. Í lokin er gaman að geta þess að þrír nýir nemendur hafa bæst við í skólann á yngsta- og miðstig frá því í haust og eru nemendur nú 85 talsins.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

JLA KP EJ PSK JBJ VG
JLS FP

2. Áherslur Flúðaskóla í tengslum við drög að fjárhagsáætlun.

Helstu áherslur skólastjórnenda varðandi fjárhagsáætlun ársins 2026 lagðar fram og ræddar. Lögð er áhersla á að ljúka þeim verkum sem þegar eru hafin svo sem skólalóð og aðstöðu unglinga og frístundar sem og önnur smærri verk innanhúss. Málin rædd en ljóst að eitthvað af þessum atriðum verða klárað á yfirstandandi ári. Sveitarstjóri kynnti einnig fyrstu drög að fjárhagsáætlun

3. Háskólalestin – beiðni frá skólastjóra

Skólastjóri óskar eftir að fá að ljúka skólastarfi kl. 13:00 þann 19. nóvember vegna kennaranámskeiðs á vegum Háskóla Vesturlands sem haldin er þetta árið í Flóaskóla. Um er að ræða spennandi endurmenntun skólanum að kostnaðarlausu.

Frístund yrði starfandi fyrir yngstu börnin.

Skólanefnd samþykkir að heimila styttri skóladag vegna námskeiðsins.

4. Skólaþing og aðgerðaráætlun skólastefnunnar.

Formaður kynnti lokadrög aðgerðaráætlunar vegna skólastefnunnar sem og skólaþing sem haldið verður í Félagsheimili Hrunamanna mánudaginn 10. nóvember kl. 16:30.

Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands mun stýra skólaþinginu og vinna úr niðurstöðum þess.

Skólanefnd samþykkir að aðgerðaráætlunin verði lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Jafnframt hvetur nefndin alla sem áhugasamir eru um skólamál til að mæta á þingið og mælist til þess að það verði vel auglýst á öllum þeim miðlum sem sveitarfélagið hefur yfir að ráða með hvatningu um að íbúar fjölmenni.

5. Starfsáætlun Flúðaskóla og áætlun um innra mat.

Skólastjóri lagði fram starfsáætlun Flúðaskóla fyrir skólaárið 2025-2026 til staðfestingar hjá Skólanefnd en samkvæmt lögum um grunnskóla er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð starfsáætlunar. Einnig lagði skólastjóri fram greinargerð um innra mat í skólanum en keyptur hefur verið aðgangur að gæðakerfinu Bravolesson í samstarfi við grunnskólana í Uppsveitunum og einnig hefur verið skipað sjálfsmatsteymi við skólann. *Skólanefnd staðfestir starfsáætlunina að teknu tilliti til orðalagsbreytinga sem ræddar voru á fundinum og verður hún nú sett á heimasíðu Flúðaskóla öllum til kynningar. Skólanefnd fagnar einnig þeirri vinnu sem sett hefur verið í gang varðandi innra mat skólans.*

6. Skýrsla skólastjóra Leikskólans Undralands.

Skólastjóri gerði grein fyrir starfi leikskólans síðastliðnar vikur sem hefur gengið vel, foreldrar, börn og starfsfólk mjög sátt samkvæmt samtölum. Fastir liðir eru inni eins og verið hefur, má þar nefna útinámið, Lubbi, Blær o.fl. Börnin eru mikið úti og er útinámið fastur liður í starfinu. Öll börn fara í íþróttahúsið einu sinni í viku. Í leikskólanum starfar íþróttakennari (Fernando) og skipuleggur hann íþróttastarfi elstu tveggja deildanna og er einnig með þeim í íþróttatímum. Kaisu tónlistarkennari kemur líka einu sinni í viku og er með tónlistarkennslu á öllum deildum sem gengur vel og mikil ánægja með bæði hjá börnum og kennurum. Verið er að byrja á innleiðingu á Jákvæðum aga. Haldinn var fyrirlestur sérstaklega fyrir starfsmenn leikskólans þar sem fjallað var sérstaklega um áherslur í leikskólastarfinu.

Snemmtæk íhlutun er á lokametrum innleiðingar og er lokahóf 7. nóv. þar sem við kynnum okkar handbók um snemmtæka íhlutun í Undralandi sem við erum búin að vera að vinna að í rúmt ár. Þrátt fyrir að inneiðinarferlið sé búð þurfum við að halda þessu við í öllu okkar starfi.

22A

KP

ED

HL

BSH

737 VG

FP

Elstu börnin fara í reglulegar heimsóknir í Flúðaskóla sem mikil ánægja er með og spenningur er yfir.

Helstu viðburðir/uppbrot í sept. og okt.

Brunaæfing var 8. september. Brunabjallan var sett í gang. Róleg æfing þar sem börnin voru upplýst um æfinguna og rýmingaráætlun fylgt rólega til að kynna fyrir börnunum ferlið og passa að engin yrði hræddur. Í vor verður svo æfing þar sem börnin verða ekki upplýst um æfinguna fyrir fram.

Slökkviliðið kom með forvarnarfræðaslu fyrir elsta árganginn þann 19. október.

Skógardagur var í september þá voru allir í skóginum allan daginn, borðuðum bæði hádegismat og síðdegiskaffi úti í skógi. Alltaf mikið fjör á þessum degi þó að veðrið haf aðeins sett strik í reikninginn í ár.

Allir starfsmenn fóru á haustþing FI og FSL á Selfossi 16. september. Við fórum eins og fyrr segir á fyrilestur um jákvæðan aga og eins var námskeið í skyndihjálpi í samvinnu við foreldrafélagið og var það í boði einnig fyrir foreldra. Sjórændur fóru á námskeið í byrjun skólaárs um sorg og sorgarviðbrögð barna og unglinga.

Aðalfundur foreldrafélagsins og kynning á leikskóastarfinu skólaárið 2025-2026 var 9. október. Foreldrasamtöl voru vikuna 13.-17. okt og fengum við lánað fundarherbergi í Flúðaskóla sem er ómetanlegt þar sem við búum við svo þröngan húsakost í leikskólanum. Starfsmannasamtöl voru í vikunni þar á eftir eða 20.-23. október og verða þau svo aftur í mars/apríl.

Hrekkjavakan hræðilega var tekin með trompi öllum til ánægju og skólinn skreyttur með afbrigðum. Allir mættu í búningum föstudaginn 31. okt og enduðum þann daginn á hrekkjavökuballi þar sem foreldrum var boðið að koma og vera með börnunum.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

7. Gjaldskrár 2026.

Sveitarstjóri kynnti drög að gjaldskrár fyrir leikskóla, skólamötuneyti og heimgreiðslur. Gert er ráð fyrir að hækkað verði í samræmi við hækkaneytsluverðsvisitölu síðastliðna 12 mánuði eða 4,3%. Umræða varð einnig um tímalengd heimgreiðslna og gjald fyrir að sækja of seint í frístund.

Skólanefnd samþykkir gjaldskrárnar eins og þær liggja hér fyrir en beinir því jafnframt til sveitarstjórnar að tekið verði upp sama gjald og í leikskóla verði sótt of seint í frístund. Einnig vill skólanefnd beina því til sveitarstjórnar að heimgreiðslur verði greiddar til 18 mánaða aldurs, óski foreldrar eftir því, án tillits til þess hvort að barnið fái tilboð um leikskólavistun eður ei.

8. Áherslur Leikskólans Undralands í tengslum við drög að fjárhagsáætlun og fyrstu drög að fjárhagsáætlun 2026. .

Helstu áherslur skólastjóra varðandi fjárhagsáætlun ársins 2026 lagðar fram og ræddar. Megináhersla er á lögð á að hafin verið hönnun á viðbyggingu auk endurhönnunar og teikninga vegna núverandi húsnæðis þannig að það muni tengjast sem best þeirri viðbyggingu sem koma mun. Einnig rætt um ýmis önnur atriði sem þarf að fást fjármagn í á næsta ári eins og til dæmis vatnsleiktæki í garðinn, ýmsan búnað fyrir húsið og nýja heimasíðu. Sveitarstjóri kynnti fyrstu drög að fjárhagsáætlun.

Skólanefnd tekur undir óskir skólastjóra og ekki síst mikilvægi þess að hafin verði hönnun á nýrri viðbyggingu við núverandi húsnæði og að fjármunir verði jafnframt settir til tímabundinna endurbóta á núverandi leikskóla.

9. Starfsáætlun Undralands og áætlun um innra mat.

Lögð fram starfsáætlun Leikskólans Undralands sem og áætlun um innra mat en skipað hefur verið innramatsteymi skólaárin 2024-2026.

JLA

KP

EV

HS

PSH

JPF VG

FP

Skólanefnd staðfestir starfsáætlun leikskólans sem verður nú kynnt foreldrum. Einnig fagnar nefndin því að innra mat skuli vera í góðum og öruggum farvegi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:51

Jóns Björg Jónsd.

Valmý Gísl.

Fréya Þorhelsd.

Þórunn Smári Hilmarsson

Elfa Hannesdóttir

Þjalti Sigurðsson

Katrín Þorvaldsdóttir

Johanna Líf Amundóttir